

## AUGLÝSING

### um staðfestingu námskrár fyrir ökukennsluréttindi fyrir flokka AM, A1, A2 og A.

1. gr.

Með vísan til 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 og 36. gr. reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini hefur innviðaráðherra staðfest námskrá Samgöngustofu fyrir ökukennsluréttindi fyrir flokka AM, A1, A2 og A.

2. gr.

Námskráin sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri námskrá fyrir ökukennaranám til bifhjólaréttinda sem staðfest var 28. júní 2007.

*Innviðaráðuneytinu, 2. apríl 2024.*

**Sigurður Ingi Jóhannsson.**

*Hermann Sæmundsson.*

**Fylgiskjal.**

## I. KAFLI

**Um námskrána.**

Námskrá þessi veitir ramma um nám þeirra sem vilja afla sér þekkingar og öðlast hæfni til að sækja um starfsleyfi til að annast ökukennslu fyrir AM, A1, A2 og A-flokk skv. 2. tölul. 1. mgr. 34. gr. reglugerðar um ökuskírteini nr. 830/2011. Námskráin byggir á 64. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um starfsleyfi ökukennara og 36. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Í námskránni er kveðið á um hæfniviðmið námsins, tilhögun þess, inntökuskilyrði og námsmat. Námið skal vera bæði bóklegt og verklegt. Námið skal fara fram í skóla á háskólastigi sem ber ábyrgð á framkvæmd námsins. Framkvæmdaraðili gefur út kennsluskrá í samráði við Samgöngustofu sem byggir á námskrá þessari.

Námskráin er sett af Samgöngustofu og staðfest af ráðherra.

## II. KAFLI

**Hæfniviðmið náms.**

Að loknu námi skal nemandi búa yfir færni samkvæmt eftirfarandi hæfniviðmiðum sem eru loka-  
viðmið námsins. Framkvæmdaraðili námsins setur niður einstaka námsþætti og hæfniviðmið fyrir þá í kennsluskrá sinni.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Lögum og reglugerðum sem varða akstur bifhjóla.
- Námskrám fyrir bifhjólaréttindi.
- Ökutækjum í flokkum bifhjóla (AM, A1, A2 og A), mismunandi notkun og virkni þeirra.
- Hegðun ökumanna og mismunandi aðstæðum sem geta skapast.
- Hlíðar- og verndunarbúnaði sem ætlaður er ökuönnum og farþegum bifhjóla sem og reglum sem gilda um notkun hans.
- Kraftfræði í tengslum við bifhjól og akstur þeirra.
- Sérstöðu bifhjóla í umferðinni og ýmsum þáttum sem tengjast akstri bifhjóla hér á landi og erlendis.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Að skýra frá lögum, reglugerðum og öðrum atriðum sem varða sérstöðu bifhjóla í umferð.
- Akstri bifhjóls í umferð af öryggi, framsýni og tillitssemi í samræmi við gildandi reglur og góðar venjur.
- Kennslu á bifhjól á afmörkuðu svæði, í umferð og við mismunandi akstursskilyrði.
- Að meta aksturshæfni ökumanna bifhjóla.

Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skipuleggja og undirbúa kennslu á bifhjól út frá markmiðum í námskrá fyrir bifhjólaréttindi.
- Kenna á bifhjól með tilliti til hæfni, getu og þarfa hvers og eins ökumana, sem og til umferðar og aðstæðna hverju sinni.
- Miðla kennslufræðilegri og faglegri þekkingu sinni til annarra.
- Vera góð fyrirmynd í akstri.

## III. KAFLI

**Skipulag náms.**

Námið skal taka mið af hæfniviðmiðum í námskrá þessari og fara fram í skóla á háskólastigi sem þróar námið, bæði bóklega og verklega þætti, og ber ábyrgð á framkvæmd þess og skipar verkefnastjóra náms. Hlutverk verkefnastjóra er að hafa umsjón með náminu og framkvæmd þess, sjá til þess að námsþættir séu samþættir og tryggja rökrétta samfellu þeirra. Lögð er áhersla á að notaðar séu fjölbreyttar kennsluaðferðir sem ýta undir virkni nemenda og að nemendur glími við raunhæf viðfangsefni. Framkvæmdaraðili gætir þess að námið þróist með helstu straumum og stefnum í kennslufræði og námsefni taki mið af tíðarandanum hverju sinni. Nánari upplýsingar um tilhögun námsins, námsþætti og hæfniviðmið þeirra, námsmat og kröfur til nemenda skulu settar fram í kennsluskrá framkvæmdaraðila.

Allar verklegar æfingar fara fram á viðurkenndu svæði og í umferð.

**3.1. Námsmat.**

Nemandi þarf að uppfylla þau viðmið um námsmat sem fram koma í kennsluskrá um þátttöku, tímasókn og úrlausn verkefna á námstímanum til að ljúka námi með fullnægjandi árangri. Skýrt er frá námsmatsaðferðum í kennsluáætlunum. Námsmati er ætlað að nýtast sem staðfesting á námsárangri og jafnframt að vera lærdómur, hvatning og endurgjöf á námstímanum.

**3.2. Inntökuskilyrði.**

Námið geta þeir ökukennarar sótt sem eru með starfsleyfi fyrir réttindaflokk B og hafa haft ökuréttindi fyrir réttindaflokk A í að minnsta kosti þrjú ár.

## IV. KAFLI

**Útgáfa starfsleyfis.**

Að loknu námi getur ökukennari sótt um starfsleyfi fyrir AM-, A1-, A2- og A-flokk skv. 2. tölulið 1. mgr. 34. gr. reglugerðar um ökuskírteini. Útgefandi ökuréttinda gefur út starfsleyfi til ökukennslu og gildir það í fimm ár, þó ekki lengur en hlutaðeigandi hefur ökuréttindi í viðkomandi flokki samkvæmt 5. mgr. 64. gr. umferðarlaga.